

Undirliggjandi erlend staða þjóðarbúsins í lok þriðja ársfjórðungs 2015

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2015 og um erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.

Til frekari upplýsingar birtir Seðlabankinn samhliða mat á undirliggjandi erlendri stöðu þjóðarbúsins, þar sem reiknuð eru áhrif af slitum innlánsstofnana í slitameðferð miðað við stöðu á fjórðungnum og bókfært virði eigna samkvæmt uppgjörum slitastjórna.¹ Þangað til dómstólar hafa lagt mat á nauðasamninga innlánsstofnana í slitameðferð ríkir enn óvissa um endanleg áhrif uppgjör slitabúanna á erlenda stöðu þjóðarbúsins. Hvort sem farin verður nauðasamningsleið, og greitt verður stöðugleikaframlag, eða greiddur verður stöðugleikaskattur er ljóst að slit þeirra munu hafa töluverð áhrif sem mun koma fram í lækkun á erlendum skuldum þjóðarbúsins og þar með betri erlendri stöðu en reiknuð áhrif segja til um.²

Hrein erlend staða við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2015 var neikvæð um 7.495 ma.kr. eða 348% af landsframleiðslu. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð var staðan aftur á móti jákvæð um tæplega 22 ma.kr. eða 1% af landsframleiðslu. Áhrif slita innlánsstofnana í slitameðferð, miðað við stöðu á fjórðungnum og bókfært virði eigna, á hreina erlenda stöðu þjóðarbúsins eru reiknuð neikvæð sem nemur 781 ma.kr. eða um 36% af áætlaðri vergri landsframleiðslu. Til samanburðar var áætlað að áhrif þeirra væru neikvæð sem nemur um 800 ma.kr. eða 38% af landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi ársins.

Undirliggjandi erlend staða er því metin neikvæð um 760 ma.kr. eða 35,2% af áætlaðri vergri landsframleiðslu í lok þriðja ársfjórðungs 2015. Til samanburðar var uppfærð undirliggjandi erlend staða í lok annars

¹ Við mat á reiknuðum áhrifum af slitum innlánsstofnana í slitameðferð er gert ráð fyrir jafnri skiptingu allra eigna innlánsstofnana í slitameðferð milli allra kröfuhafa. Jafnframt er kröfuhöfum skipt í innlenda og erlenda aðila eftir samþykktum kröfum samkvæmt kröfuhafaskrár búanna sem greindar eru niður á undirliggjandi eigendur. Rétt er að geta þess að nokkur óvissa er um markaðsvirði eigna innlánsstofnana í slitameðferð og um hlutfallslega skiptingu á kröfum í innlendar og erlendar. Þættir, svo sem uppgjörsgengi gjaldmiðla, skuldajafnanir og niðurstöður úr ágreiningi um tilteknar kröfur munu skera endanlega úr um stöðu búanna og þar með um áhrif uppgjöranna á erlenda stöðu þjóðarbúsins. Undirliggjandi erlend staða endurspeglar ekki þá stöðu sem myndast greiði búin stöðugleikaskatt eða stöðugleikaframlag í samræmi við stöðugleikaskilyrði stjórnvalda.

² Í greinargerð Seðlabanka Íslands: „Uppgjör fallinna fjármálafyrirtækja á grundvelli stöðugleikaskilyrða: áhrif á greiðslujöfnuð og fjármálastöðugleika“, sem birt var á vef bankans þann 27. október sl., er greint frá áætlaðri þróun hreinnar erlendar stöðu þjóðarbúsins að teknu tilliti til nýjustu nauðasamningsdraga slitabúanna.

ársfjórðungs 2015, m.v. endurmat á hreinni erlendri stöðu, metin neikvæð um 715 ma.kr. (33,8% af landsframleiðslu). Undirliggjandi erlend staða versnaði því um 45 ma.kr. á ársfjórðungnum, tæplega 2,1% af landsframleiðslu, sem skýrist að miklu leyti af gengis- og verðbreytingum.³ Reiknuð áhrif slita innlánsstofnana í slitameðferð voru aftur á móti jákvæðari sem nemur tæplega 18 ma.kr. en á öðrum ársfjórðungi ársins en helstu breytingar á bókfærðu virði eigna milli fjórðunga eru vegna gengisbreytinga, uppgjör eigna og virðishækkunar innlendra viðskiptabanka.

Tafla 1. Undirliggjandi erlend staða þjóðarbúsins í lok þriðja ársfjórðungs 2015 (% af landsframleiðslu)

% af VLF	<u>2015, III</u>		
	Erlendar eignir	Erlendar skuldir	Hrein staða við útlönd
- alls	244,7	592,4	- 347,7
- án ILST í slitameðferð	175,0	174,0	1,0
- m.v. reiknað uppgjör ILST í slitameðferð ¹	178,5	213,7	- 35,2

1. Við mat á reiknuðu uppgjöri er ekki tekið tillit til greiðslu stöðugleikaskatts eða stöðugleikaframlags.

Nánari upplýsingar veitir Steinn Friðriksson á fjármálastöðugleikasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.

³ Sjá ítarlegri upplýsingar um hreina erlenda stöðu þjóðarbúsins án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð í fréttatilkynningu nr. 24/2015 um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2015.